

Nd.

298. Framvarp

til laga um löggilding verslunarstaða.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í Bervík í Breiðuvíkurbreppi í Snæfellsnessýslu, í Dritvík í sama hreppi, á Broddanesi við Kollafjörð í Strandasýslu og á Vattarnesi í Suður-Múlasýslu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

2. gr.

Verslunarlóðin á Vattarnesi nær yfir 500 metra strandlengju, frá Vattarnestanga vestur fyrir landingu, en 180 metra á land upp frá flóðmáli í landingu. Atvinnumálaráðuneytið ákveður takmörk hinna verslunarlóðanna,

samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birtir þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi að því er Vattarnes snertir, en um hina staðina, þegar takmörk verslunarlóðanna eru birt samkv. 2. gr.